



HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

FRÉTTATILKYNNING

Nr.: 24/2004


Dagsetning: 3. september

Samkomulag heilbrigðisyfirvalda við FÍS og Actavis

Umtalsverð lækun lyfjaverðs

Á síðustu árum hefur lyfjakostnaður landsmanna aukist hröðum skrefum. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um íslenska lyfjamarkaðinn frá því í mars 2004 kemur meðal annars fram að þrátt fyrir að lyfjanotkun á hvern íbúa á Íslandi hafi undanfarin ár verið minni en á hvern íbúa í nágrannalöndunum, hefur lyfjakostnaður hér á landi verið mun meiri. Þannig var lyfjakostnaður á hvern Íslending 46% meiri árið 2003 en á hvern Dana og Norðmann.

Lyfjakostnaður á mann á ári 2002 og 2003 í Ísl.kr. með
vsk.



Heimild: Skýrsla Ríkisendurskoðunar: **Lyfjakostnaður Notkun, verð og framboð lyfja á Íslandi** - mars 2004

Árið 2003 nam heildarlyfjakostnaður á Íslandi m.v. skráð hámarksverð samtals 14 milljörðum króna. Sé gengið út frá svipaðri lyfjanotkun og að sama lyfjaverð hefði gilt á Íslandi og í Danmörku og Noregi hefði það þýtt að lyfjakostnaður landsmanna árið 2003 hefði orðið um 4,4 milljörðum króna lægri en hann varð.

Íslendingar taka með öðrum orðum minna af lyfjum en nágrannabjóðirnar en borga mun meira fyrir. Það er skylda stjórnvalda sem fara með ráðstöfun almannaþjárfjár að sjá til þess að þeim fjármunum sé eins vel varið og frekast er kostur.

HEIMILISFANG HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ Vegmúla 3, IS-150 Sími 545 8700	UPPLÝSINGAFULLTRÚI HELGI MÁR ARTHURSSON Sími 545 8707 GSM 861 3819	VEFFANG RÁÐUNEYTIS www.heilbrigdisraduneyti.is PÓSTFANG RÁÐUNEYTIS postur@htr.stjr.is
--	--	--

Til að bregðast við skýrslu ríkisendurskoðunar hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveðið að beita sér fyrir því að lyfjaverð til neytenda á Íslandi verði sambærilegt við meðalverð í smásölu í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hverju sinni með því að álagning í heilidsölu og smásölu verði lækkuð jöfnum skrefum á næstu tveimur árum.

Samkomulag heilbrigðisyfirvalda FÍS og Actavis

Í framhaldi af framangreindri ákvörðun hefur ráðherra gert samkomulag við fulltrúa frumlyfjaframleiðanda innan FÍS og við fulltrúa Actavis hf um lækkun lyfjaverðs.

Samkvæmt samkomulaginu er stefnt að því að lyfjaverð í heilidsölu á Íslandi verði sambærilegt við meðalverð á hinum Norðurlöndunum hverju sinni innan 2ja ára.

Fyrsta lækkun samkvæmt samkomulagi við FÍS, sem samsvarar 200 m.kr. lækkun á ársgrundvelli, kom til framkvæmda þann 1. september s.l.

Fyrsta lækkun samkvæmt samkomulagi við Actavis, sem samsvarar 80 m.kr. lækkun á ársgrundvelli, kemur til framkvæmda þann 1. október n.k.

Fyrr á árinu lækkuðu lyf frumlyfjaframleiðenda á heilidsöluverði á ársgrundvelli um 300 m.kr. (1. júní) og frá Actavis um 60 m.kr. (1. maí).

Samtals mun því lyfjaverðslækkun á þessu ári nema um 763 m.kr. í heilidsölu sem svarar um 1.136 m.kr. í smásölu.

Þegar samkomulagið um lægra lyfjaverð var í höfn var horfið frá áformum um upptöku viðmiðunarverðs lyfja með sambærileg meðferðaráhrif en það átti samkvæmt reglugerð að taka gildi hinn 1. ágúst 2004 sl.

Þá hefur ráðherra fallist á að skipa sérstakar samráðsnefndir með aðilum samkomulagsins sem verður ráðherra og lyfjagreiðslunefnd til ráðgjafar um lyfjaverð og nánari útfærslu og framkvæmd.

Ný lyfjagreiðslunefnd

Alþingi gerði síðast liðið vor þá breytingu á lyfjalögum að tvær nefndir, lyfjaverðsnefnd og greiðsluþáttökunefnd, voru lagðar niður og störf þeirra sameinuð í einni nýrri nefnd, lyfjagreiðslunefnd. Hinni nýju lyfjagreiðslunefnd, sem tók til starfa þann 15. ágúst s.l., er ætlað að fylgja eftir ofangreindri stefnumörkun ráðherra og því samkomulagi sem gert var við FÍS og Actavis.